



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 10. júní 2021
SFS2021040160
212. fundur
HG/img/hhl

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi opnunartíma leikskóla

Á 207. fundi skóla- og frístundaráðs, 27. apríl 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Ríkisstjórnin hefur nú kynnt afléttingaáætlun vegna samkomutakmarkana í kórónuveirufaraldrinum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska upplýsinga um það hvort skóla- og frístundasvið hafi sett sér afléttingaáætlun hvað varðar afléttingar á þeim takmörkunum sem nú gilda um opnunartíma leikskóla í Reykjavík?

Svar:

Leikskólar Reykjavíkurborgar loka 16:30 fram yfir sumarleyfi vegna Covid-19 faraldurs og var tillaga þess efnis samþykkt á 203. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 23. mars 2021. Meginmarkmið þeirrar tillögu tekur mið af þeim kröfum sem gerðar eru til þrifa í leikskólunum og ekki stendur til að slaka á fyrr en eftir að þjóðin hefur verið bólusett. Einnig tekur tillagan til þess starfsumhverfis sem einkennt hefur leikskólastarf borgarinnar í heilt ár með aukinni vinnu vegna þessara þrifa og sóttvarna auk hliðrunar á bæði dvalartíma barna og vinnutíma starfsfólks.

Í skýrslu stýrihóps um *Umbætur og skipulag leikskólastarfs* er lögð fram tillaga að framtíðarskipa þessara mála. Þar er lagt til að opnunartími leikskóla borgarinnar verði frá 07:30 -16:30 en að einn til tveir leikskólar í hverju hverfi verði opnir til kl. 17:00 til að koma til móts við þann hóp foreldra/forsjáraðila sem þurfa á því að halda.